

## 5. gr.

Hafi aðili sem sækir um sérstaka skráningu með höndum sölu á magnjaldsskyldum vörum gefur skattstjóri út vörugjaldsskírteini honum til handa, enda verði hann eigi samtímis með skráningu sem miðar við uppgjör vörugjalds skv. birgðabókhalði. Í slíkum tilvikum þarf aðili ekki að uppfylla ákvæði 2.- 4. gr. reglna þessara, heldur fer um meðferð gjaldsins, að öðru leyti, en kveðið er á um í reglum þessum, eftir ákvæðum 21. gr. vörugjaldsreglugerðar.

Handhafar vörugjaldsskírteina skv. 1. mgr. skulu við sölu, rýmun eða úttekt til eigin nota tilgreina vörugjald á sölureikningi, sbr. 17. gr. vörugjaldsreglugerðar eða á sérstakt fylgiskjal ef um rýmun er að ræða, og skila vörugjaldinu í ríkissjóð á gjalddaga viðkomandi uppgjörstímabils.

## 6. gr.

Komi í ljós við athugun skattyfirvalda á bókhaldi aðila eða á annan hátt að hann uppfylli ekki ákvæði reglna þessara eða brjóti á annan hátt gegn ákvæðum laga um vörugjald nr. 97/1987, getur skattstjóri eða ríkisskattstjóri afturkallað vörugjaldsskírteini eða heimild til uppgjörs vörugjalds samkvæmt birgðabreytingum og eftir atvikum endurákvarðað vörugjald frá og með þeim tíma sem aðili telst hafa brotið gegn ákvæðum laganna.

## 7. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum, sbr. 11. og 21. gr. reglugerðar um vörugjald nr. 356/1996.

*Reykjavík, 27. júní 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

### um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2. - 5. tölul. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir til 1. janúar 1997.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 28. júní 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*